

Fundargerð 6.fundar stjórnar SSA haldinn 19. desember 2022

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 15:15

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir, Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Ragnar Sigurðsson. Axel Örn Sveinbjörnsson og Helgi Hlynur Ásgrímsson þurftu að afboða sig skyndilega og ekki gafst tími til að kalla inn varamenn í þeirra stað. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Berglind Harpa formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð SSA nr. 5

Fundargerðin var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt

2. Umsagnarbeiðni og þingmálaskrá

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu breytingar á niðurstöðu fjárlaga 2023 sem snúa að Austurlandi. Því næst kynnti hún umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvallar og þjónustu við flugumferð. Þar benti hún á umsögn SSA sem byggir á sömu áherslunum og hafa verið undanfarin ár um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar.

3. Ýmis verkefni

- Sjálfbærni ráð Íslands – Framkvæmdastjóri sagði frá fundi um stofnun sjálfbærni ráðs sem hún sótti ásamt formanni. Staðfest er tilnefning af hálfu SSA um framkvæmdastjóra sem aðalmann í ráðið og formann SSA sem varamanns.
- Sértek framlög sóknaráætlansvæða – Framkvæmdastjóri sagði frá því að opnað hefði verið fyrir umsóknir um framlög til sértekra verkefna sóknaráætlansvæða. Unnið er að umsóknum og stefnt að því að senda inn tvær umsóknir. Farið verður yfir umsóknirnar á næsta fundi stjórnar.
- Stefna um þjónustustig – Framkvæmdastjóri kynnti bréf frá innviðaráðuneyti

4. Innri verkefni SSA

- Sóknaráætlun Austurlands – Tekin verður umræða um áhersluverkefni þegar upplýsingar liggja fyrir um fjármagn og skiptingu þess á milli landshluta.
- Dómsmál, úrskurður héraðsdóms vegna frávísunar - Framkvæmdastjóri kynnti úrskurð héraðsdóms í Sterna málinu þar sem frávísun málsins var samþykkt.
- Fjallskilasamþykkt – Kynnt var erindi frá Ívari Ingimarssyni. Páll Baldursson verkefnastjóri hjá Austurbrú sat dagskrárliðinn og var honum falið að vinna málið áfram á grundvelli umræðna á fundinum.


Undir 5. og 6. lið var eftirfarandi lagt fram til kynningar

5. Mál í samráðsgátt stjórnvalda

- Málalisti í [samráðsgátt](#)

6. Fundargerðir og erindi til kynningar

- SSH, fundur nr. [548](#)
- SSV, [haustþing](#)
- SSNV, fundur nr. [86](#), [87](#)
- SSNE, fundur nr. [43](#), [44](#), [45](#)
- SASS, [aðalfundur](#), fundur nr. [588](#)
- SSS, fundur nr. [783](#)
- Byggðamálaráð, fundur nr. [22](#)
- Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál, fundur nr. [85](#)
- Sambandið, fundur nr. 915

- 
- Sambandi, erindi um samkomulag og breytingar á útsvari
 - Sambandið, stefnumörkun [2022-2026](#)
 - Ársskýrsla brothættra byggða [2021](#)
 - Greinargerð sóknaráætlana landshlutanna 2021